

Póra Valný Yngvadóttir

Framboð til stjórnar



Ég býð mig fram í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins, því ég hef brennandi áhuga á lífeyrismálum og tel að reynsla mín muni nýtast sjóðfélögum til hagsbóta.

Ég hef starfað í fjármálageiranum í hátt í 30 ár sem ráðgjafi og stjórnandi. Ég hóf starfsferil minn sem fjármálaráðgjafi í Englandi hjá Prudential, gamalgrónu fjármálafyrirtæki þar í landi. Í því starfi kynntist ég fljótt hvað lífeyrismál eru mikilvæg í heildar fjárhagslegri velferð einstaklings.

Þegar ég flutti heim hóf ég störf hjá Kaupþingi við lífeyris- og verðbréfa mál og m.a. sá ég um þjálfun ráðgjafa í lífeyrismálum fyrir Frjálsa Lífeyrissjóðinn. Einnig hannaði ég ráðgjöf til einstaklinga með áherslu á uppbyggingu lífeyrissparnaðar í starfi mínu sem vörustjóri hjá Landsbankanum. Ég hef haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða víðsvegar um landið um flest allt tengt fjármálum s.l. 25 ár.

Ég var í stjórn lífeyrissjóðs bankamanna í 8 ár (2012-2020). Núna rek ég mitt eigið fræðslufyrirtæki; Val og virði, þar sem ég býð upp á námskeið fyrir einstaklinga og starfsfólk fyrirtækja í fjármálum. Þar með talið sérstök lífeyrisnámskeið fyrir alla og fyrir þá sem eru að komast á lífeyrisaldur.

Ég vil núna leggja fram mína þekkingu, reynslu og krafta til gagns fyrir sjóðfélaga. Í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna kynntist ég vel þeim áskorunum sem mæta stjórn lífeyrissjóðs. Sem stjórnandi í Kaupþingi og Landsbankanum öðlaðist ég mikla reynslu af samstarfi með stórum hópi fólks með mismunandi bakgrunn. Ég er orðlögð fyrir skipulagshæfni mína, afköst og öguð vinnubrögð.

Ég er menntaður viðskiptafræðingur BA Hons, með löggildingarpróf í fjármálaráðgjöf FPC frá viðskiptaráðuneyti Bretlands. Ég er einnig með löggildingu í verðbréfaviðskiptum frá Háskóla Íslands og ACC vottaður markþjálfari frá Háskólanum í Reykjavík.

Starfsreynsla

Eigandi og framkvæmdastjóri - Val og virði. 2020 – nú

Stjórnendaráðgjöf, verkefnastjórnun, markþjálfun, námskeið og fyrirlestrar. Er með námskeið um fjármál fyrir símenntunarmiðstöðvar og fyrir starfsfólk fyrirtækja. Einnig er ég með einstaklingstíma fyrir fólk í fjármálaskoðun og opin námskeið í Lífeyrismálum. Býð fyrirtækjum sölubjálfun framlínustarfsmanna, sölustýringu stjórnenda og ýmislegt fleira sem tengist framförum.

Stjórnarmaður - Lífeyrissjóður bankamanna. 2012 – 2020

Ábyrgð á fjárfestingum sjóðsins og rekstri.

Vörustjóri fjármálaráðgjafar einstaklinga - Landsbankinn. 2015 – 2020

Stýrði þróun og markaðssetningu á nýrri fjármálaþjónustu einstaklinga. Þjónustan eykur ánægju viðskiptavina á sama tíma og hún fjölgar þeim vörum sem hann er með hjá bankanum. Einnig bar ég ábyrgð á innleiðingu vörunnar, markaðssetningu, þjálfun ráðgjafa og stjórnenda.

Verkefnastjóri - Landsbankinn. 2007 – 2015

Stýring og ábyrgð á ýmsum verkefnum innan bankans. M.a. innleiðingu tölvukerfa, hugbúnaðarþróun og hugbúnaðar innleiðingu, ferlagreiningar, ferlavinnustofur. Breytingastjórnun, stýring á verkefnum framkvæmdarstjórnar, stefnumótun og innleiðing stefnu. Einnig hélt ég ýmis konar vinnustofur og námskeið fyrir starfsmenn, þ.á.m. verkefnastjórnun og ferlagreiningar.

Leiðbeinandi - Opni Háskólinn, Háskólanum í Reykjavík. 2011 – 2013

Opin námskeið í verkefnastjórnun, tímastjórnun og stefnumótun.

Viðskiptastjóri - Atlantsskip, skipafélag 2005 – 2007

Samningagerð við viðskiptavinum í innflutningi. Skipulag og stýring innflutnings.

Forstöðumaður söludeildar Sölu- og Markaðssviðs, Kaupþing. 1999 – 2005

Skipulagning og þróun söludeildar. Þróun á nýjum lífeyrisafurðum og sala. Skipulagning og ábyrgð á samstarfi við utanhúss söluaðila og útibú bankans. Þjálfun starfsfólks í lífeyris- og verðbréfa málum.

Fjármálaráðgjafi - Prudential Assurance, Englandi. 1996 – 1999

Ráðgjöf í lánveitingum, fjárfestingum, lífeyrissparnaði og tryggingum.